

Fjarnám á tímum fjarlægðar: Tengslarof eða tækifæri fyrir nemendur

Ragna Kemp Haraldsdóttir, námsbraut í upplýsingafræði innan Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar, Háskóli Íslands

Guðrún Dröfn Whitehead, námsbraut í safnafræði innan Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar, Háskóli Íslands

I. Inngangur

Nokkuð hefur verið rætt um aukna fjarlægð á milli fólks, ekki síst í kjölfar heimsfaraldurs, og rannsóknir sýna að einangrun og einmanaleiki hefur aukist að hluta til vegna fjarlægðar sem skapast þegar fólk á í takmörkuðum félagslegum tengslum (Geirsdóttir o.fl. 2020). Slík tengslarof geta átt sér stað í námsumhverfi á öllum skólastigum þ.m.t. á háskólastigi. Fjarlægðin skapast þegar nemendur sækja síður tíma eða eiga í takmörkuðum samskiptum við samnemendur og kennara jafnvel þrátt fyrir að vera á staðnum. Á sama tíma er jafnrétti grundvöllur fjölbreytni í háskólasamfélaginu og eitt af gildum Háskóla Íslands sem og leiðarljós til að koma til móts við ólíkar þarfir og væntingar nemenda til náms óháð búsetu (Háskóli Íslands, e.d.). Þá hefur Háskóli Íslands markað sér stefnu um að auka framboð og gæði náms í fjarnámi en lögð er áhersla á slíkar námsleiðir í markaðssetningu skólans (Háskóli Íslands, 2021).

II. Aðferð

Af þessum sökum þótti rannsakendum áhugavert að rýna í skipulag og kennslu eigin námsleiða sem báðar eru í fararbroddi í framsetningu fjarnáms á Félagsvísindasviði. Rannsakendur velta upp þeirri rannsóknarspurningu hvernig litið er á fjarnám á háskólastigi, þá annars vegar sem vettvang ofangreinds tengslarofs og jafnan með neikvæðum formerkjum, eða sem tækifæris til náms sem ekki væri til staðar án fjarkennslu. Þá er áhugavert að heyra þarfir nemenda og óskir varðandi kennsluhætti og möguleika til félagslegra tengsla. Rýnt var í kennslukannanir og samskipti kennara við nemendur á meistarastigi í námsbrautum í Safnafræði og Upplýsingafræði sem báðar eru kenndar í fjarnámi. Rannsakendur taka dæmi úr eigin námsbrautum og kennslu þar sem rýnt er í áskoranir sem tengjast fjarnámskennslu og útskýra hvernig tekið hefur verið á þeim.

III. Niðurstöður

Niðurstöður sýna að ein helsta ástæða þess nemendur velja fjarnám er að þau koma víðs vegar af landsbyggðinni og stunda fjarnám við Háskóla Íslands jafnvel frá öðrum löndum. Væntingar þeirra eru jafn ólíkar og þau eru mörg en ákveðinn samhljóm má finna í meðvituðu vali þeirra á fjarnámi vegna persónulegra aðstæðna s.s. búsetu, atvinnu eða

fjölskylduaðstæðna sem og takmarkaðri þörf fyrir nýjum félagslegum tengslum á fullorðinsárum. Þá sýna niðurstöður að fjarnám býður upp á félagsleg tengsl í samræmi við ólíkar þarfir nemenda. Nemendur sækja umræðutíma í streymi og staðlotur á hverju misseri, þau sækja vettvangsnám og vinna auk þess hópverkefni, ýmist á fjarfundum eða í raunheimum. Þetta hafa allt reynst áhrifaríkar leiðir til að efla samskipti nemenda á milli sem og milli kennara og nemenda.

IV. Umræður

Þá verða niðurstöður ræddar með tilliti til þess hvernig litið er á fjarnám, þ.e. er það almennt með neikvæðum formerkjum og þá í samanburði við staðnám eða er kominn tími til að skilgreina fjarnám og þróa það áfram á eigin forsendum.

Heimildir

Geirsdóttir, G., Solimene, M., Haraldsdóttir, R. K. og Heijstra, T. (2020). Surfing a Steep Learning Curve: Academics' experience of changing teaching and assessment due to COVID-19, *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun, sérrit 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. https://netla.hi.is/serrit/2020/menntakerfi_heimili_covid19/11.pdf

Háskóli Íslands (e.d.). Jafnrétti í HÍ, https://www.hi.is/haskolinn/jafnretti_i_hi

Háskóli Íslands (2021). Stefna Háskóla Íslands 2021-2026, Betri háskóli, betra samfélag, https://www.hi.is/haskolinn/hi26_stefna_haskola_islands_2021_2026